

63

4. júlí

Heimanemendur matast þrisvar á dag, kl. 8—9 morgunverð, kl. 3—4 dagverð og kl. 8—9 kveldverð. Kl. 8,30 á hverjum morgni skulu allir heimanemendur komnir á fætur alklæddir, kembdir og þvegnir. Ljós er slókt á göngunum, og skólanum er lokað kl. 10 á hverju kveldi. Verða þá allir heimanemendur að vera komnir til herbergja sinna. Vilji einhver þeirra vera lengur úti, verður hann að fá til þess leyfi skólameistara í hvert sinn.

8. gr.

Brjótí nemendur reglur þessar að einhverju leyti þrátt fyrir ítrekaðar áminningar hafa þeir fyrirgjört heimavistarrjetti sínum, og þess eðlis getur brotið verið, að það varði brottrekstri úr skóla.

Framanskráðar reglur, sem eru samdar af kennurum gagnfræðaskólans á Akureyri, samþykkjast hjermeð af stjórnarráðinu, sbr. 26. gr. reglugjörðar skólans 11. nóv. 1905.

Í stjórnarráði Íslands, 4. júlí 1906.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

64

21. júní

Amtsráðið í Vesturamtinu

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggildar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóv. 1891, um breyting á lögum þessum, er hjer með staðfest og löggilt eptirfarandi

Reglugjörð

um refaveiðar í Norðurisafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd annast um alla eyðing refa samkvæmt reglugjörð þessari.

2. gr.

Refum skal einkum eytt með eitri, og skal til þess bera út eitrad agn. Til agnsins skal hafa fugla (einkum rjúpur) og kindur í heilu líki. Nota má og annað kjöt, svo og fisk og egg.

3. gr.

Í hreppi hverjum skal eitrad fyrir refi á hverjum vetri. Hreppsnefnd ræður menn til þess starfs; hafa þeir á hendi útvegum agns, útburð þess og eitrun. Þeir ráða því í samráði við hreppsnefnd hvenær og hvar er eitrad. Borgun fyrir

eitrun og agn greiðir hreppsnefnd eptir samningi við eitrunarmenn. Til eitrunar **64** skal hafa strychnin eða annað bráðdrepani eitur, og skal hreppsnefnd sjá um 21. júní að nægar byrgðir sjeu jafnan til af því.

4. gr.

Aður en 7 vikur eru af sumri, skal hver búandi hafa leitað grenja í heimalandi og upprekstrarlandi ábúðarjarðar sinnar. Leitir þessar kostar búandi sjálfur. Almenninga og eyðilönd lætur hreppsnefnd leita á kostnað sveitarsjóðs. Hreppsnefnd hefir eptirlit með að grenjaleitir fari fram.

5. gr.

Hreppsnefnd ræður skotmann til grenjavinnslu í hreppnum, ef þess er kostur, og tilkynnir hreppsmönnum í tæka tíð, hver hann er. Eigi mega aðrir en skotmaður vinna að grenjavinnslu án samþykkis hreppsnefndar.

6. gr.

Þegar gren finnst, skal finnandi tafarlaust tilkynna það búanda þeim, er býr á landi þar er gren finnst eða næst því býr, en hann tilkynnir það þegar skotmanni eða hreppsnefnd. Fer skotmaður á gren svo fljótt sem því verður við komið.

Nú finnst gren eptir að 7 vikur eru af sumri, og má hreppsnefnd þá greiða finnanda alt að 4 kr. fyrir fundinn, enda sje hann ekki búandi á landi því, er greni fannst í, hjú hans eða í hans þjónustu.

7. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að láta vinna refi á grenjum hvort heldur með eitri eða skotum.

8. gr.

Varast skal að hafa hund með sjer á greni eða í grenjaleit, sem og alt annað er fælt getur refina á burtu eða veldur því að þeir flytji yrðlinga sína á burtu.

9. gr.

Á tímabilinu frá 1. maí til 1. október skal gjalda 2 kr. fyrir hvern hlaupa-ref, sem unninn er.

Skotmaður, sem vinnur gren, fær fyrir fyrri refinn 3 kr. en 7 kr. fyrir hinn síðari og 50 auru fyrir hvern yrðling.

Auk þess fær hann 3 kr. fyrir hvern sólarhring er hann liggur á greni. Hafa má skotmaður vökumann með sjer, og fær hann sömu daglaun, en báðir fæða þeir sig sjálfir.

10. gr.

Eigi fær skotmaður kaup fyrir að liggja á greni lengur en þrjá sólarhringa. Nú yfirgefur hann grenið án gildra orsaka innan þess tíma, og hefir ekki unnið báða refina, fyrirgjörir hann þá daglaunum sínum.

64

21. júní

Missi maður yrðling úr eldi, skal hann sekur um 50 kr. fyrir hvern yrðling er sleppur; fær uppljóstrarmaður helming sektarinnar, en helmingur rennur í sveitarsjóð þar, sem yrðlingur slapp.

12. gr.

Sýna skal skotmaður búanda þeim, er næstur býr greni, skottin af refum þeim, er hann hefir unnið, en búandi kemur þeim til hreppsnefndar; að öðrum kosti glatar skotmaður rjetti sínum til endurgjalds.

13. gr.

Hver, sem á einhvern hátt vinnur að eyðingu refa, skal fyrir hvers árs fardaga senda hreppsnefndinni í þeim hreppi, er hann vann að refaveiðum í, skriflegan sundurliðaðan reikning yfir kostnað þann, er hann gjörir sveitarsjóði fyrir refaveiðar sínar á því fardagaári.

14. gr.

Hreppsnefnd skal árlega senda sýslunefnd skýrslu um eyðing refa í hreppnum, og skulu skýrslur þessar samdar eptir fyrirmynd er sýslunefndin semur.

15. gr.

Allur kostnaður við eyðing refa samkvæmt reglugjörð þessari, sem ekki er skyldukvöð, greiðist úr sveitarsjóði.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum frá 1—200 kr., sbr. þó 12. gr.

Vanræki hreppsnefnd skyldur sínar samkvæmt reglugjörð þessari, varðar það sektum frá 10—200 krónum.

17. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með sem opinber lögreglumál.

18. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin, að því er Norðurísafjarðarsýslu snertir, reglugjörð fyrir Ísafjarðarsýslu um eyðing refa o. fl. 3. dag júlímán. 1895. Reglugjörðin öðlast gildi 1. sept. þ. á.

Amtsráð Vesturamtsins, Stykkishólmi 21. júní 1906.

Lárus H. Bjarnason.

Skýrsla

um eyðing refa í hreppi í Norðurisafjarðarsýslu árið 190

Á hve mörg- um stöðum var eitrað fyrir refi.	Hvað var eitrad.	Hve margir refir fundust daðir.	Hve mörg gren fundust.	Hve margir fullorðnir refir voru unnir á greinjum	Hve margir yrðlingar voru unnir.	Var refum eytt á annan hátt	Var mikill bítur í hreppnum.	Athugasemdir.